



Kæri forsvarsmáður,

Nú liggur fyrir reglugerðin um Íslandsmótið og Deildakeppni BLÍ fyrir næsta vetur. Þessi reglugerð er afrakstur þeirrar vinnu sem Ársþing BLÍ 2018 samþykkti og hefur stjórn BLÍ lesið yfir hana og samþykkt. Skráning í Íslandsmót BLÍ er þannig:

1. Í Úrvalsdeild munu þau lið spila sem óska eftir því (svo fremi að þau verði ekki fleiri en 12). Athygli er vakin á eftirfarandi punktum:
 - a. Þegar fjöldi liða í Úrvalsdeild er ljós mun mótanefnd gera tillögu til stjórnar um hvort spiluð verði tvö-, þre-, eða fjórföld umferð.
 - b. Þegar fjöldi liða Úrvalsdeild er ljós mun mótanefnd gera tillögu til stjórnar um hvernig úrslitakeppnin verður spiluð en reynt verður að hafa fyrirkomulagið þannig að sem flest liðanna í deildinni taki þátt í úrslitakeppninni.
 - c. Leikdagar í Úrvalsdeild verða:
 - i. Miðvikudagar (öllum liðum þarf að hafa tæk á að spila á þessum degi. Ef félag er með 2 lið í úrvalsdeild þarf að reikna með geta komið fyrir 2 leikjum á kvöldi)
 - ii. Föstudagar
 - iii. Laugardagar
 - iv. Sunnudagar
2. 1.deild spilar heima og heiman og þar er stefnt að 8 liða deildum og tvöfaldri umferð. Athygli er vakin á eftirfarandi punktum:
 - a. Fleiri en eitt lið frá sama félagi geta verið í 1.deild
 - b. Næsta vetur (2018-2019) eiga þau lið sem spiluðu 1.deild KK síðasta vetur (2017-2018) keppnisrétt í 1.d. með eftirfarandi undantekningu:
 - i. Stjarnan 3 féll niður í 2. deild
 - ii. Völsungur og HK C eiga einnig sæti í 1. deild
 - c. Næsta vetur (2018-2019) eiga þau lið sem spiluðu 1.deild KVK síðasta vetur (2017-2018) keppnisrétt í 1.d. með eftirfarandi undantekningu:
 - i. ÍK og Hamar falla niður í 2. deild
 - ii. Álftanes og Stjarnan C eiga einnig sæti í 1. deild
 - d. Hugsanlega verða laus sæti í 1.deild KK og eða KVK næsta vetur. Lið geta því óskað eftir að spila í 1.deild en hafa alls enga tryggingu fyrir því að orðið verði við þeim óskum.
 - e. Leikdagar í 1. deild verða:
 - i. Fimmtudagar (öllum liðum þarf að hafa tæk á að spila á þessum dögum)
 - ii. Föstudagar
 - iii. Laugardagar
 - iv. Sunnudagar
3. 2. deild og neðar spila í helgarmótaformi og eru 12 lið í hverri deild í tveimur riðlum.
4. Allt landið er undir í hverri deild fyrir sig, þ.e. deildakeppni neðri deilda verður ekki landshlutaskipt. Öllum liðum geta sótt um að halda helgarmót.
5. Liðum er bent á að kynna sér sérstaklega hvernig lið færast upp og niður á milli deilda (og milli riðla) en slíkt er útfært í reglugerð um Íslandsmót og úrslitakeppni.
 - a. Athugið að reglan um 7 hrinuhæstu hefur verið breytt og eru liðin beðin að kynna sér þær reglur.

- b. Tveir yngstu árgangarnir í 2. flokki (2001/2002) og yngri iðkendur mega spila með tveimur liðum sama félags og geta spilað í hvaða deild.
6. Engin takmörk eru á því hversu mörg lið innan sama félags eru í sömu deild en skorað er á félög að hafa liðin sín greinilega aðgreind (helst meira en bara með bók- eða tölustaf) en sú aðgreining þarf að vera samþykkt af mótanefnd.

Kostnaður við þátttöku í keppninni næsta vetur verður:

1. Úrvalsdeild: 265.000 kr. per lið (staðfestingargjald: 70.000 kr fyrir 18. júní)
2. 1. Deild: 140.000 kr. per lið (staðfestingargjald: 35.000 kr fyrir 18. júní)
3. Neðri deildir: 80.000 kr. per lið (staðfestingargjald: 20.000 kr fyrir 18. júní)

Sektarákvæði hefur verið samþykkt á allar deildir ef lið mæta ekki til leiks í Íslandsmóti eða Bikarkeppni BLÍ:

1. Úrvalsdeild: 350.000 kr per leik sem lið mætir ekki í
2. 1. deild: 300.000 kr per leik sem lið mætir ekki í
3. Aðrar deildir: 100.000 kr per leik sem lið mætir ekki í

Vinsamlegast skráið lið ykkar á eftirfarandi tengli í síðasta lagi 4. júní 2018.

[Skráningareyðublað](#)

F.h. *mótanefndar BLÍ*
Andri Hnikarr Jónsson